

**Ed.**

**291. Nefndarálit**

um frv. til l. um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd. Þingmenn Skagfirðinga fluttu frv. þar. Mörg undanfarin ár hafa bændur í Skagafirði varið miklu fé og fyrirhöfn til að verjast ágangi Héraðsvatna á lönd þar. Er svo komið nú, að þeir treystast ekki til að bera þann kostn-að hjálparlaust.

Í frv. þessu er ætlazt til, að ríkissjóður veiti sams konar aðstoð og á sínum tíma var ákveðið að veita á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Landbúnaðarnefnd telur þetta eðlilegt og mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 4. des. 1945.

Þorst. Þorsteinsson, Kristinn E. Andrésson, Páll Hermannsson,  
form. fundaskr. frsm.

Eiríkur Einarsson. H. Guðmundsson.